

AUGLÝSING

um landslagsverndarsvæði norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stóruð

1. gr.

Um friðlýsinguna

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið að friðlýsa jarðirnar Unaós-Heyskála, Hrafnabjörg og hluta Sandbrekku sem landslagsverndarsvæði og náttúruvætti í samræmi við 48. gr. og 50. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Friðlýsta svæðið er hluti af þyrpingu eldstöðva sem teljast meðal þeirra elstu á Austfjörðum, um 13.5 til 12 milljón ára gömlum. Svæðið hýsir tvær eldstöðvar, Njarðvíkureldstöðina sem er með gíg í Grjótfjalli og Dyrfjallaeldstöðina sem er með öskjugíg í Dyrfjöllum. Í Dyrfjöllum má sjá þykkt móbergslag sem myndaðist við gos undir vatni og afmarkar útlínur öskjunnar. Njarðvíkureldstöðin er aðeins eldri en Dyrfjallaeldstöðin en í báðum varð sprengigos með tilheyrandi flikrbergsmýndun, nálægt lokum líftíma þessara eldstöðva. Í flikrberginu finnast steingerfðar gróðurleifar og í Grjótfjalli finnast stærstu baggalútar sem vitað er um á Íslandi. Dyrnar eru taldar hafa myndast í berghlaupi/grjóthruni þar sem hraun- og móbergsbjörg hrundu yfir jökulinn og voru síðan borin með honum langa leið. Urðir beggja vegna við dyrnar bera ummerki þess, svo sem hin fræga Stóruð. Úr Stóruð er mikilfenglegt útsýni, meðal annars á dyrnar í Dyrfjöllum sem er stórbrotin sjón.

Nokkrar vistgerðir eru á svæðinu sem hafa hátt verndargildi og flokkast sem forgangsvistgerðir. Á sléttunni norðan Selfljóts er að finna runnamýravist og starungsmýravist auk gulstararflóavistar. Þá eru í hlíðum Ósfjalla og suður af þeim kjarrskógavist og lyngskógavist, báðar forgangsvistgerðir með hátt verndargildi. Þá eru auk þess að finna ferskvatnsvistgerðina kransþörungavötn og fjöruvistgerðina hrúðurkarlafjörur en þær eru á lista Bernarsamningsins. Þar eru einnig leirulón sem er sjaldgæf vistgerð á svæðinu.

Talið er að um 40 fuglategundir verpi á friðlýsta svæðinu, þar á meðal tegundir á válista. Svæðið nær að hluta yfir láglandi Úthéraðs sem skilgreint hefur verið sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði. Þá eru fýlabýggðirnar í fjöllum utan við Unaós (7.000 pör) nálægt þeim mörkum að teljast alþjóðlega mikilvægar.

Ýmsan sérstakan gróður er að finna á svæðinu, til að mynda mosann dökklepp sem er sjaldgæf tegund, fléttuna geislabíkar sem skráð er á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands (1996) og æðplöntutegundirnar lyngbúa, súrsmæru og línarfa sem allar eru friðaðar og skráðar á válista sem tegundir í nokkurri hættu.

Á svæðinu út af Unaósi eru tvö selalátur þar sem fjöldi sela hefur farið vaxandi.

Helsta nýting innan friðlýsta svæðisins er landbúnaður, skot- og stangveiði, útivist, ferðapjónusta auk þess sem þar er frístundabyggð.

Við ákvörðun um friðlýsingu var höfð hliðsjón af samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Rio de Janeiro 1992, sbr. Stjórnartíðindi C 3/1995), samningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979, sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993) og Landslagssamningur Evrópu (Flórens, 2000).

Hið friðlýsta svæði er 55 km² að stærð.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda og varðveita sérstæðar jarðminjar og landslag sem er sérstætt á landsvísu vegna fagurfræðilegs gildis. Þá er jafnframt markmið friðlýsingarinnar að standa vörð um líffræðilega fjölbreytni svæðisins með verndun vistkerfa, þ.m.t. mikilvægt fuglasvæði norðan Selfljóts, og stýringu umferðar um svæðið, sbr. 2. gr, 3. gr.,

48. gr. og 50. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Friðlýsingin skal stuðla að því að nýting svæðisins fari fram með þeim hætti að ekki sé gengið á gæði landsins.

Með vernduninni skal tryggt að jarðminjum, landslagsheild, lífríki og ásýnd svæðisins verði ekki spillt og einkenni þess og sérkenni varðveitt þar sem svæðið er sérstætt á landsvísu og skipar mikilvægan sess í vitund þjóðar. Hið verndaða svæði er varðveitt til náttúruupplifunar fyrir almenning og er kappkostað að innviðir geri sem flestum fært að njóta svæðisins án þess að skerða náttúruverðmæti og/eða upplifun annarra hópa. Stórurð verður varðveitt sem áfangastaður fyrir ferðamenn með áherslu á aðgengi. Í heild hefur svæðið hátt vísindalegt gildi og verður kappkostað að viðhalda gildi þess og gera vísindamönnum kleift að rannsaka náttúruminjar svæðisins.

3. gr.

Mörk verndarsvæðisins

Mörk verndarsvæðisins eru sýnd á korti meðfylgjandi auglýsingu og afmarkast af þeim hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi í viðauka I.

Innan landslagsverndarsvæðisins er skilgreint eitt svæði sem friðlýst er sem náttúruvætti, Stórurð, auk svæðis innan marka jarðarinnar Hrafnabjarga þar sem sérstakar reglur gilda. Svæðaskiptinguna má sjá á korti í viðauka I.

4. gr.

Umsjón

Umhverfisstofnun hefur umsjón með verndarsvæðinu í samræmi við 2. mgr. 13. gr. og 79. gr. laga nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun, í samráði við samstarfsnefnd svæðisins, getur falið einstaklingum, sveitarfélögum eða öðrum lögaðilum umsjón og rekstur svæðisins, sbr. 85. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Samstarfsnefnd um málefni friðlýsta svæðisins skal skipaður fulltrúum Umhverfisstofnunar, sveitarfélags, fulltrúum landeigenda Hrafnabjarga, Unaóss-Heyskála og Sandbrekku, auk fulltrúa Minjastofnunar. Fulltrúi Umhverfisstofnunar skal vera formaður. Hlutverk samstarfsnefnd er að stuðla að því að verndargildi svæðisins haldist ásamt því að fjalla um framkvæmdáætlun og stefnumótun fyrir landvörslu á verndarsvæðinu, samvinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar ásamt endurskoðun og breytingum á henni og önnur stefnumótandi mál er varða friðlýsta svæðið. Skipunartími nefndarinnar er sá sami og kjörtímabil sveitarstjórna. Samstarfsnefnd skal funda eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

5. gr.

Stjórnunar- og verndaráætlun

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir verndarsvæðið í samstarfi við samstarfsnefnd og í samræmi við 81. gr. laga nr. 60/2013. Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjalla um landnýtingu, landvörslu, vöktun, uppbyggingu, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir, aðgengi ferðamanna, þar á meðal aðgengi fatlaðs fólks, svæðaskiptingu, efnistöku, framandi tegundir, viðhald mannvirkja, beit, umferð þ.m.t. umferð ríðandi og hjólandi, flug ómannaðra og mannaðra loftfara og veiðar.

Stjórnunar- og verndaráætlun skal gerð í samvinnu við samstarfsnefnd um málefni verndarsvæðisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Hafrannsóknastofnun og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila.

Stjórnunar- og verndaráætlun er háð staðfestingu ráðherra.

6. gr.

Rannsóknir og vöktun

Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun náttúruminja á verndarsvæðinu sbr. 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Vöktunaráætlun skal vera unnin í samráði við Umhverfisstofnun og vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar.

Aðrar rannsóknir en lögbundnar rannsóknir fagstofnana sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða truflun eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Niðurstöður rannsókna skulu vera aðgengilegar fyrir Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.

7. gr.

Fræðsla

Umhverfisstofnun, í samstarfi við samstarfs verndarsvæðisins, hefur frumkvæði að fræðslu um svæðið. Í fræðsluefni skal upplýst um verndargildi svæðisins, svæðaskiptingu og mismunandi umgengnisreglur sem þar gilda, sérstöðu svæðisins og fleira. Nánar skal fjallað um fræðslu í stjórnunar- og verndaráætlun.

8. gr.

Verndun landslags

Varðveita skal einkenni og sérkenni landslags svæðisins í heild. Sérstaklega skal standa vörð um landslag og sérkenni náttúruvættisins Stóruðar. Óheimilt er að valda spjöllum á landslagi svæðisins. Framkvæmdir og mannvirki skal skipuleggja og hanna þannig að þau falli sem best að svipmóti lands.

9. gr.

Verndun jarðminja

Allt rask á jarðminjum er óheimilt innan verndarsvæðisins nema með sérstöku leyfi skv. 12. gr.

10. gr.

Verndun gróðurs og dýralífs

Óheimilt er að spilla gróðri eða trufla dýralíf af ásetningi innan friðlýsta svæðisins. Undanskildar eru þó framandi, ágengar tegundir.

Óheimilt er að rækta útlendar plöntutegundir á verndarsvæðinu sbr. 10. gr. reglugerðar um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000. Unnið skal gegn útbreiðslu lúpínu, skógarkerfils, bjarnarklóar og minks innan marka hins friðlýsta svæðis.

Undanskilið ákvæði 2. mgr. er svæði á Hrafnabjörgum, en tryggja skal að útlendar plöntutegundir berist ekki út fyrir svæðið.

Nánar skal fjallað um framandi tegundir í stjórnunar- og verndaráætlun.

11. gr.

Verndun menningarminja

Um vernd menningarminja fer eftir lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

12. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð

Allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan verndarsvæðisins eru háðar leyfi sveitarfélagsins sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010, landeigenda og Umhverfisstofnunar sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr.

60/2013 um náttúruvernd auk annarra stofnana eftir því sem við á. Mannvirki skulu ekki hafa afgerandi áhrif á ásýnd svæðisins og falla sem best að svipmóti lands.

Uppbygging innviða á svæðinu skal fara eftir skipulagi þess og stjórnunar- og verndaráætlun. Þegar ekki liggur fyrir staðfest skipulag er Umhverfisstofnun heimilt að veita leyfi fyrir framkvæmdum ef þær ganga ekki gegn verndarmarkmiðum friðlýsingarinnar.

Heimilt er að halda við mannvirkjum, s.s. mannvirkjum Vegagerðarinnar innan veghelgunarsvæða og göngubrúum, sem þegar eru í notkun án þess að leita þurfi leyfis Umhverfisstofnunar svo fremi sem viðhald hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins en um þær framkvæmdir gilda skipulagslög nr. 123/2010, lög um mannvirki nr. 160/2010 og eftir atvikum vegalög nr. 80/2007. Nánar skal fjallað um viðhald mannvirkja í stjórnunar- og verndaráætlun.

Gert er ráð fyrir að á jörðinni Unaós-Heyskálum verði áfram stundaður landbúnaður. Ábúendum er heimilt að fara í nýrækt á jörðinni en skulu áður eiga samráð við Umhverfisstofnun og eftir atvikum aðrar stofnanir um staðsetningu slíkrar nýræktar.

Réttur bænda til nýtingar afreittar til beitar og smölunar helst óbreyttur en nánar skal fjallað um beit á svæðinu í stjórnunar- og verndaráætlun.

Efnistaka á svæðinu er óheimil án leyfis Umhverfisstofnunar. Undanþegin banninu er efnistaka landeigenda Hrafnabjarga við Knarrará til einkanota auk þess sem Vegagerðin hefur heimild til efnistöku á þegar röskuðu landi, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun og með leyfi landeigenda, til viðhalds og minniháttar framkvæmda innan veghelgunarsvæðis. Efnistökuastaðir skulu skilgreindir og nánar skal fjallað um efnistöku í stjórnunar- og verndaráætlun.

Sérreglur um náttúruvættið Stórurð

Framkvæmdir og mannvirkjagerð eru óheimilar innan náttúruvættisins Stórurðar að undanskildum framkvæmdum í þágu aðgengis göngufólks að svæðinu, s.s. stígagerð, stikun og gerð göngubrúa.

Sérreglur um svæði á Hrafnabjörgum

Framkvæmdir og mannvirkjagerð á deiliskipulögðu svæði innan jarðarinnar Hrafnabjarga eru heimilar í samræmi við samþykkt deiliskipulag dags. 5. desember 2012. Heimilt er að reisa 6 hús auk þjónustuhúss sem gert er ráð fyrir í deiliskipulagi að því tilskyldu að ekki verði raskað vistkerfum né jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013, frárennsli verði hreinsað með fullnægjandi hætti sbr. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 og að frágangur að framkvæmdum loknum sé ætíð til fyrirmyndar. Framkvæmdaraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun með hæfilegum fyrirvara um upphaf framkvæmda og fylgja nánari leiðbeiningum stofnunarinnar um tilhögun framkvæmdar og frágang.

13. gr.

Starfsemi innan svæðisins

Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða og samkomuhalds.

14. gr.

Umferð um verndarsvæðið

Almenningi er heimil för um verndarsvæðið en er skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið og fylgja þeim umgengnisreglum sem þar gilda. Ávallt skal fara eftir merktum leiðum og skipulögðum stígum þar sem þess er kostur.

Óheimilt er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega, sbr. þó undanþágur í 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Undanþágur 31. gr. laga um náttúruvernd gilda þó ekki innan náttúruvættisins Stóruðar þar sem umferð vélknúinna ökutækja er óheimil. Þó er heimilt að aka vélknúnum farartækjum innan náttúruvættisins þegar jörð er frosin eða snjóþekjan traust og augljóst er að ekki er hætt á náttúruspjöllum.

Umhverfisstofnun er heimilt að loka verndarsvæðinu að hluta í verndarskyni í samræmi við 25. gr. a. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Innan verndarsvæðisins er óheimilt að slá upp og gista í tjöldum, tjaldvögnum, fellihýsum, hjólhýsum og öðrum sambærilegum búnaði utan skilgreindra tjaldsvæða. Undanskilið banninu eru svæði við íbúðar- og sumarhús á svæðinu að fengnu leyfi landeigenda eða ábúenda.

Lausaganga hunda og annarra gæludýra er óheimil á svæðinu, nema um dýr landeigenda eða ábúenda sé að ræða eða þjónustuhunda, s.s. við veiðar og smalamennsku.

Lausaganga hrossa er óheimil. Nánar skal fjallað um ríðandi umferð í stjórnunar- og verndaráætlun.

Umferð hjólandi er heimil á skilgreindum leiðum og vegum. Nánar skal fjallað um umferð hjólandi í stjórnunar- og verndaráætlun.

Óheimilt er að lenda þyrlum og öðrum mönnum loftförum innan verndarsvæðisins utan skilgreindra landingarstaða nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Heimilt er að skilgreina landingarstaði í stjórnunar- og verndaráætlun. Undanskilið banni þessu eru leitar- og björgunaraðgerðir, landhelgisgæsla eða sambærileg verkefni.

Um flug fjarstýrðra loftfara innan verndarsvæðisins fer skv. almennum reglum þar um að undanskildu náttúruvættinu Stóruð þar sem sérstakar reglur gilda.

Nánar skal fjallað um umferð, þ.m.t. flug mannaðra og ómannaðra loftfara, umferð hjólandi og ríðandi um verndarsvæðið í stjórnunar- og verndaráætlun.

Sérreglur um náttúruvættið Stóruð

Notkun vélknúinna ökutækja er óheimil innan náttúruvættisins að undanskildri umferð þegar jörð er frosin eða snjóþekjan traust og augljóst er að ekki er hætt á náttúruspjöllum.

Umferð hjólandi og ríðandi er óheimil innan náttúruvættisins.

Notkun fjarstýrðra loftfara er óheimil innan náttúruvættisins nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Undanskilið banni þessu eru leitar- og björgunaraðgerðir.

Svæði á Hrafnabjörgum

Landeigendum er heimilt að aka innan skilgreinds svæðis á Hrafnabjörgum eins og verið hefur svo fremi sem ekki hljótist af náttúruspjöllum. Akstur að svæðinu og innan þess er einnig heimill vegna þjónustu við hús á svæðinu.

15. gr.

Umgengni um verndarsvæðið

Óheimilt er að skilja eftir eða urða úrgang innan verndarsvæðisins nema á viðurkenndum móttökustöðum.

16. gr.

Veiði og notkun skotvopna

Veiðar eru heimilar á svæðinu í samræmi við ákvæði laga þar um og að fengnu leyfi landeigenda. Nánar skal fjallað um veiðar á verndarsvæðinu í stjórnunar- og verndaráætlun.

Veiðar á ref eru heimilar skv. almennum reglum þar um enda skulu þær stundaðar á vegum viðkomandi sveitarfélags.

Stefnt skal að útrýmingu minks. Veiðar á mink skulu stundaðar skv. almennum reglum þar um á vegum viðkomandi sveitarfélags.

Heimild til veiða í ám helst eins og verið hefur og í samræmi við reglur veiðifélaga þar um.

Sérreglur um náttúruvættið Stórurð

Veiðar eru óheimilar innan náttúruvættisins. Undanskilið banni á veiðum eru veiðar á ref og mink auk þess sem rjúpnaveiðar eru heimilar að fengnu leyfi landeigenda.

17. gr.

Viðurlög


Um brot gegn ákvæðum friðlýsingarinnar fer samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

18. gr.

Gildistaka

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Viðauki I – kort og hnitaskrá



Landslagsverndarsvæði								
Punktur	X	Y	Punktur	X	Y	Punktur	X	Y
1	727161	573490	56	732173	573718	111	732371	564979
2	729169	576903	57	731954	573591	112	731024	565534
3	733045	577942	58	731793	573531	113	730731	565629
4	733196	577934	59	731654	573449	114	730507	565667
5	733277	578027	60	731539	573353	115	729883	565882
6	733301	578033	61	731461	573192	116	729635	565986
7	733327	578021	62	731420	572898	117	729298	566204
8	733369	577938	63	731420	572772	118	729126	566271
9	733393	577929	64	731350	572625	119	729079	566318
10	733412	577940	65	731105	572356	120	728951	566698
11	733410	577994	66	731070	572279	121	728961	566787
12	733427	578004	67	731032	572117	122	728831	566820
13	733571	577898	68	730962	571983	123	728810	566938
14	733602	577892	69	730863	571848	124	728718	566979
15	733664	577929	70	730708	571517	125	728698	567091
16	733710	577935	71	730661	571305	126	728601	567178
17	733739	577932	72	730614	570802	127	728575	567249
18	733782	577898	73	730405	570400	128	728591	567321
19	733856	577921	74	730297	570068	129	728458	567642
20	733916	577879	75	730297	569997	130	728438	567775
21	733947	577834	76	730321	569930	131	728397	567857
22	734068	577855	77	730416	569762	132	728305	567954
23	734134	577840	78	730638	569447	133	728203	568020
24	734194	577805	79	730871	568860	134	728034	568081
25	734225	577806	80	731037	567945	135	727810	568265
26	734290	577861	81	731107	567720	136	727702	568520
27	734345	577813	82	731184	567562	137	727708	568607
28	734361	577903	83	731551	567303	138	727738	568694
29	734384	577910	84	731764	567176	139	727733	568939
30	734550	577870	85	731950	567114	140	727560	569128
31	734655	577911	86	732082	567089	141	727519	569301
32	734696	577910	87	732203	567094	142	727447	569352
33	734737	577873	88	732456	567163	143	727412	569434
34	734784	577866	89	732553	567210	144	727422	569628
35	734797	577702	90	732852	567301	145	727381	569705
36	734731	577450	91	732969	567308	146	727330	569756
37	734608	577173	92	733075	567304	147	727325	569899
38	734528	576860	93	733191	567243	148	727146	570159
39	734566	576695	94	733268	567157	149	727003	570332
40	734716	576295	95	733330	567047	150	726911	570404
41	734766	576092	96	733400	566873	151	726840	570486
42	734462	575926	97	733469	566612	152	726631	570613
43	734362	575785	98	733566	566413	153	726564	570690
44	734320	575662	99	733686	566198	154	726539	570782
45	734297	575519	100	733916	565885	155	726579	570828
46	733759	575756	101	733920	565850	156	726620	570976
47	733475	575521	102	733907	565687	157	726544	571088
48	733203	575324	103	733881	565604	158	726539	571159
49	732853	574974	104	733813	565495	159	726610	571373
50	732914	574697	105	733712	565400	160	726623	571567
51	732976	574186	106	733576	565178	161	726379	572068
52	732972	574090	107	733440	565116	162	727132	573372
53	732864	573839	108	733371	564994	163	727161	573490
54	732622	573796	109	733008	564933			
55	732434	573787	110	732762	564909			

Náttúruvættið Stóruð								
Punktur	X	Y	Punktur	X	Y	Punktur	X	Y
1	730537	566883	17	733566	566413	33	730391	565873
2	730917	567095	18	733686	566198	34	730098	565948
3	731275	567363	19	733916	565885	35	729629	565996
4	731343	567451	20	733920	565850	36	729292	566204
5	731551	567303	21	733920	565760	37	729089	566435
6	731764	567176	22	733907	565687	38	729055	566515
7	731950	567114	23	733843	565648	39	729049	566596
8	732082	567089	24	733676	565604	40	729094	566689
9	732282	567110	25	733298	565615	41	729152	566765
10	732852	567301	26	732917	565720	42	729245	566818
11	733075	567304	27	732657	565845	43	729462	566890
12	733191	567243	28	732411	565934	44	729745	566900
13	733268	567157	29	732090	566010	45	730370	566855
14	733330	567047	30	731863	566040	46	730537	566883
15	733400	566873	31	731634	566043			
16	733469	566612	32	730892	565888			

Svæði á Hrafnabjörgum								
Punktur	X	Y	Punktur	X	Y	Punktur	X	Y
1	726942	571822	11	727324	572174	21	726743	571623
2	726953	571828	12	727150	571724	22	726797	571625
3	726978	571902	13	727184	571687	23	726814	571638
4	727005	571944	14	727167	571619	24	726824	571660
5	727012	571981	15	727114	571561	25	726834	571705
6	727010	572071	16	727089	571555	26	726783	571763
7	726969	572170	17	727022	571374	27	726801	571844
8	726982	572213	18	726618	571375	28	726942	571822
9	727016	572228	19	726648	571520			
10	727124	572202	20	726693	571593			